

# Ábendingar ráðgjafarnefndar um eftirlit á vegum hins opinbera, skv. lögum nr. 27/1999.

– sbr. 12. gr. í samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017.

<b>Málsheiti</b>	Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (EES-innleiðing)
<b>Ráðuneyti</b>	Umhverfis- og auðlindaráðherra
<b>Staða máls</b>	<input type="checkbox"/> Áform um lagasetningu. (Sjá liði A, B og D). <input checked="" type="checkbox"/> Drög að frumvarpi. (Sjá liði B, C og D).
<b>Dags.</b>	19. nóvember 2018

## A. Ábendingar er snúa að áformum um lagasetningu, sbr. eyðublað.

### 1. Úrlausnarefni.

a) Er fjallað um tilefni lagasetningar og að hvaða marki gildandi lög dugi ekki?

- Já  
 Nei

b) Athugasemdir.

### 2. Markmið.

a) Er fjallað um að hvaða markmiði er stefnt?

- Já  
 Nei

b) Athugasemdir.

### 3. Leiðir.

a) Er fjallað um afleiðingar þess að ekkert er aðhafst, önnur hugsanleg úrræði en lagasetningu og hvers vegna tiltekin leið er valin?

- Já  
 Nei

b) Athugasemdir.

### 4. Samráð.

a) Er fjallað um samráð sem fyrirhugað er eða hefur þegar farið fram?

- Já  
 Nei

b) Athugasemdir.

### 5. Innleiðing.

a) Er fjallað um hvernig staðið verður að innleiðingu löggjafar og hvernig árangur af lagasetningu verði metinn?

- Já  
 Nei

b) Athugasemdir.

**B. Ábendingar er snúa að mati á áhrifum lagasetningar, sbr. eyðublað.**

- Frummat  
 Endanlegt mat

1. Er fjallað um áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki?

- X Já  
 Nei

Athugasemdir. Sjá umfjöllun í D. lið

2. Er fjallað um einföldun laga eða stjórnslu?

- Já  
X Nei

Athugasemdir.

3. Var leitað umsagnar ráðgjafarnefndarinnar?

- Já  
X Nei

Athugasemdir. |

**C. Ábendingar er snúa að drögum að frumvarpi til laga.**

1. Ef athugasemdir gerðar í A lið, var brugðist við þeim við samningu frumvarpsins?

- Já  
 Nei

Athugasemdir. Áform um lagasetninguna voru ekki kynnt í samráðsgátt Stjórnarráðsins, svo sem mælt er fyrir um í 3. gr. samþykktar ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og stjórnartillagna. Ekki er í greinargerð með frumvarpinu tilgreind sérstök rök gegn slíkri kynningu, svo sem að málið sé sérstaklega brýnt. Þess er hins vegar getið í greinargerð með frumvarpinu að áform um lagasetninguna og mat áhrifum hafi farið í innra samráð 17. október 2018 án frekari tilgreiningar.

2. Ef athugasemdir gerðar við frummat í B lið, var brugðist við þeim við samningu frumvarpsins?

- Já  
 Nei

Athugasemdir. Sjá athugasemd í lið C-1.

3. Liggur fyrir greinargerð um mat á nauðsyn eftirlitsreglna skv. 1. og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 27/1999, sbr. einnig 12. gr. samþykktar ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og stjórnartillagna frá 10. mars 2017?

- Já  
X Nei

4. Ef um innleiðingu á ESB-gerð er að ræða, er tilgreint hvort frumvarpið hafi að geyma frávík (viðbætur) frá upphaflegu gerðinni, sbr. 5. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála frá 1. október 2011?

- X Já  
 Nei

Athugasemdir. Í umfjöllun um 4. gr. frumvarpsins kemur fram að b og c liðir greinarinnar gangi lengra en nauðsynlegt er til að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/720 frá 29. apríl 2015. |

**D. Annað.**

Í greinargerð með frumvarpinu er tekið fram að ljóst sé að lagasetningin muni hafa áhrif á aðila sem selja vörur en ekki burðarpoka. Segir í greinargerðinni að ekki liggi fyrir upplýsingar um fjölda slíkra aðila. Í 6. gr. frumvarpsins er komið til móts við þessa aðila og lagt til að lögin taki fyrst um sinn ekki til þeirra söluaðila sem ekki þegar afhenda burðarpoka gegn endurgjaldi, með þeim rökum að ráðrúm gefist fyrir þá til að aðlaga sig að breyttri löggjöf. Þá er tekið fram að afhendingarbannið taki gildi tvö ár eftir gildistöku laganna til að skapa söluaðilum ráðrúm til að taka í notkun burðarpoka úr öðrum efnum en plasti.